

Alþingi
Erindi nr. P 137/526
komudagur 6.7.2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 6. júlí 2009


Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs (89. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til bréfs nefndarinnar dags. 26. júní sl. þar sem SFF er veittur kostur á að senda umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins (89. mál).

SFF fagna því að sett verði á stofn efnahags- og viðskiptaráðuneyti, sem fari m.a. með öll málefni sem snerta ytri og innri umgjörð fjármálamarkaðar. SFF hafa ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið en vilja þó vekja athygli nefndarinnar á því að ekki virðist ætlunin að færa málefni lífeyrismarkaðar, sem lítur eftirliti Fjármálaeftirlits, frá fjármálaráðuneyti yfir í hið nýja efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Skilningur SFF hafði verið sá að breytingarnar miðuðu m.a. að því að færa allt sem liti að fjármálamarkaði undir nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti og að fjármálaráðuneytið gæti þá einbeitt sér að meginhlutverki sínu sem ríkisfjármálaráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson